

EFTIRLITSSKÝRSLA

Hringrás Reykjavík Reykjavík



Dags eftirlits	26.5.2014	Fulltrúi UST	Sigríður Kristjánsdóttir
Fyrirtæki	Hringrás Reykjavík	Fulltrúi UST	Sigrún Guðmundsdóttir
Heimili	Klettagördum,	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4205981319	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Ásmundur Einarsson	ÍSAT nr.	51.57.02
Fulltrúi fyrirtækis	Jóhann Karl Sigurðsson	Staðsetning	360615,942 408599,18

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík voru staðfest við eftirlit. Frávík vörðuðu ráðstöfun sjónvarpsskjáglerna á urðunarstað, meðhöndlun reykskynjara og ráðstöfun þeirra í urðun, og að olía og fita reyndist yfir losunarmörkum í reglubundinni mælingu frá okt. sl. Farið var yfir fyrstu 2 frávikin á eftirfylgnifundi þann 17. 12. 2014

Að lokum minnir eftirlitsaðili á skýrar öruggar merkingar allra úrgangsefna, góðan, öruggan frágang á öllum ílátum og að mikil uppsöfnun úrgangsefna á athafnasvæði rekstraraðila er varhugaverð.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlit hófst með fundi. Farið var yfir:

1. Innra eftirlit, gæðamarkmið, skráningar og hvernig þær eru framkvæmdar sem hluti af innra eftirliti, ársskýrslu og grænt bókhald.
2. Meðhöndlun kælitækja, reykskynjara og sjónvarpa
3. Viðbragðsáætlun vegna mengunar hafs og stranda.
4. Frárennsli/niðurstöður mælinga
5. Umbunarkerfi fyrir fyrirtæki sem standast kröfur laga, reglugerða og starfsleyfis.
6. Yfirferð yfir síðustu eftirlitsskýrslu.

Eftirlitsskoðun: Aðstaða skoðuð og farið yfir mengunarvarnir

Eftirfylgnifundur vegna eftirlitsins var haldin 17. desember 2014

Frávík frá

Ákvæðum í reglugerð nr.738/2003 um urðun úrgangs, er varða upplýsingar og staðfestingu á eiginleikum úrgangs, II. viðauka.

Lýsing á fráviki

Sjónvarpsskjáglar það sem Hringrás hefur skilið frá bakskauti í nýrri vinnslulínu var komið fyrir á urðunarstað án nauðsynlegra gagna um urðunarhæfni þess (útskolunarpróf til að sannreyna nýtingar- eða urðunarhæfni). Skv. rekstraraðila fer nú allt gler til endurvinnslu erlendis og ekki lengur til urðunar.

Ákv. 10 og viðauka I um meðhöndlun reykskynjara í reglugerð um raf- og rafeindatækjaúrgang, nr. 1104/2008.

Reykskynjurum sem safnað hefur verið má ekki urða hér á landi. Geislavirkum íhlutum skal fargað á viðeigandi hátt erlendis og önnur meðhöndlun reykskynjara skal einnig vera í samræmi við þar að lútandi löggjöf.

Ákv. 2.7. í starfsl. Losunarmörk f. olíu og fitu í fráveituvatni er 15mg/l.

Olía og fita mældist yfir losunarmörkum, 18 mg/l í sýni frá 2.10.2013.

ATHUGASEMDIR

ANNAÐ

Haldin var fundur með Hringrás þann 17. 12. 2014 þar sem farið var nánar yfir frávik 1 og 2 sem skráð voru við eftirlit. Þar kom fram að skjágler úr sjónvarpstækjum væri ekki lengur sent til SORPU til urðunar heldur færi til endurvinnslu erlendis ásamt blýgleri. Þá kom fram að erfitt væri að fjarlægja þau 107 tonn af skjágleri sem fóru til SORPU áður en niðurstöður útskolunarprófa lágu fyrir, þar sem búið væri að blanda því saman við annan úrgang. Umhverfisstofnun telur að nú sé komin upp réttur farvegur fyrir glerið og mun því ekki aðhafast frekar vegna fráviks nr. 1.

Vegna fráviks 2 þá bendir Umhverfisstofnun á að rétt meðhöndlun reykskynjara er mikilvæg þar sem þeir innihalda geislavirk efni. Reykskynjara má ekki urða hér á landi og fjarlægja þarf geislavirk efni úr þeim fyrir frekari endurvinnslu.

Á fundinum benti Umhverfisstofnun á þann möguleika að hægt væri að senda reykskynjara í smáum skömmtum með öðrum raftækjaúrgangi sem færi til meðhöndlunar erlendis. Slíkar sendingar væru ekki háðar sérstökum flutningstillkynningum þar sem um væri að ræða lítið magn af geislavirku efni og myndi því falla undir svokölluð undanþáguákvæði sbr. tilskipun 96/29/EBE um grunvallaröryggisstaðla um verndun heilbrigðis starfsmanna og almennings gegn hættu af völdum jónandi geislunar. Umhverfisstofnun telur rétt að Hringrás uppfæri verklagsreglur sínar um meðhöndlun reykskynjara með hliðsjón af ofangreindu.

Reykjavík, 24.02.2015



Sigríður Kristjánsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.